

# STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2004

Nr. 665

1734

11. ágúst 2004

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, lód Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 – verndað svæði, verður svæði fyrir stofnanir, vegna fjölgunar bílastæða á lód Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. ágúst 2004.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

Nr. 666

12. ágúst 2004

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Ásabrautar 2, 4, 6, 8 og 10 – Ásar og Traðabakkaland á Akranesi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 5. ágúst 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Ásabrautar.

Breytingin felst í að færa mörk byggingarreits fram um 2 metra í suðaustur og er breytingin hugsuð til að byggja sólhýsi.